



Dagsetning: 5. september 2024

Málsnúmer: 2409042/1.0

## Til bæjarráðs

### MINNISBLAÐ

Síðustu ár hefur Fjarðabyggð unnið vinnustaðagreiningu í samstarfi við Gallup. Tilgangur verkefnisins er að efla helgun á vinnustaðnum og þar með innra heilbrigði hans. Kjarnaspurningar Gallup (Q12®) gerir vinnustaðnum kleift að meta helgun starfsfólks, auk þess að í boði er að mæla fjölda annarra þátta. Einnig er markmiðið að skapa vitund um helgun og mikilvægi helgunar fyrir vinnustaðinn og þjálfa stjórnendur í að túlka og vinna með niðurstöður svo þeir séu betur í stakk búnir til að stuðla að helgun starfsfólks og skapa eftirsóknarverðan og heilbrigðan vinnustað.

Meðfylgjandi eru drög að samstarfssamningi við Gallup varðandi verkefnið. Hann er í samræmi við það sem verið hefur undanfarinn ár. Gert var ráð fyrir þeim kostnaði sem af verkefninu hlýst í fjárhagsáætlun ársins.

Könnunin er þannig uppbyggð að starfsmenn svara 12 kjarna spurningum sem miða að því að meta helstu þætti í starfsumhverfi sveitarfélagsins. Mæld eru grundvallarhugtök sem tengsl hafa við árangur starfseininga, svo sem helgun (employee engagement) og hollusta (employee commitment). Auk þessara spurninga verða einnig inn í könnuninni tvær til þrjár auka spurningar um sértæk málefni vinnustaðarins. Verða þær spurningar unnar í samvinnu við ráðgafa frá Gallup.

Gert er ráð fyrir að könnunin verði lögð fyrir daganna 29. október – 12. nóvember nk. Að fenginni reynslu við fyrri kannanir er síðan gert ráð fyrir að gefa þeim stofnunum sem hafa litla svörun að opnunartími hennar veðri framlengdur til að tryggja sem besta svörun.

Niðurstöður ættu að liggja fyrir 21. nóvember og þá er gert ráð fyrir kynningarferli á heildarniðurstöðum og niðurstöðum einstakra stofnanna. Að því loknu, í byrjun desember, hefst ferli þar sem stjórnendur stofnanna kynna niðurstöður fyrir sínar stofnanir í starfsmannahópum sínum, og hefja eftirfylgni með þeim.

#### Áætluð tímalína:

- September/október: Undirbúningur með Gallup. Spurningalistar unnir, og starfsmannalistar
- 24. október: „Start“ fundur með stjórnendum. Stjórnendur Fjarðabyggðar með mannaforráð fá kynningu á könnuninni og framkvæmd hennar.
- 29. október: Könnunin fer í loftið og verður opin í tvær vikur. Á þeim tíma verður eftirfylgni með stjórnendum vegna þátttöku. Eftir tvær vikur verður metið hvort að framlengja þurfi svartímann.
- 21. nóvember: Niðurstöður liggja endanlega fyrir.
- 26. nóvember:
  - Kynning á niðurstöðum fyrir sviðstjórum –
  - kynning á heildarniðurstöðum fyrir allan starfsmannahópinn.
- 2. desember: Kynning á heildar niðurstöðu fyrir bæjarráð.



- 5. desember: Kynning fyrir stjórnendum með mannaforráð á niðurstöðum og kennsla á kerfið til að nota niðurstöðu fyrir sína stofnun.
- 6. desember – 31. janúar 2025: Stjórnendur kynna niðurstöðu í sínum stofnunum, og eftirfylgni þar sem við á.
- 20. febrúar – 20. mars: Mannauðsteymi sinnir eftirfylgni í samráði við stjórnendur um stöðu og aðgerðir hvað varðar úrvinnslu markmiða og áætlana er snúa að niðurstöðum. Veitir ráðgjöf og stuðning eftir þörfum.

Allt ferlið er unnið í nánú samráði við sérfræðinga hjá Gallup sem. Stjórnendur fá aðgang að niðurstöður fyrir sína einingu, að því gefnu að fjöldi svara sé nægur (4 eða fleiri svarendur). Hver stjórnandi sem hefur aðgang fær einnig sérsniðnar tillögur að næstu skrefum sem byggðar eru á helgunarmódeli Gallup. Viðtækur samanburður er við aðra vinnustaði, atvinnugreinar, lönd (þ.m.t. Ísland) og starfsgreinar. Samanburðinn má aðlaga að þörfum hvers vinnustaðar og jafnvel einingar. Niðurstöður birtast, eins og fyrr segir, í mælaborði, skýrslum og í hitakortum. Stjórnendur hafa einnig aðgang að ítarlegu fræðslufni, hugmyndum að bestu starfsháttum (e. best practices) og aðstoð við uppsetningu og utanumhald aðgerðaráætlana

Þórður Vilberg Guðmundsson

Sviðsstjóri mannaúds- og umbótamála

